

## Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis



Reykjavík, 30. maí 2012

### Umsögn Landssamtaka hjólríðamanna við frumvarp til laga um ökutækjatrýggingar, 733. mál á 140. löggjafarþingi.

Landssamtök hjólríðamanna (hér eftir LHM) eru hagsmunasamtök hjólandi á Íslandi. Markmið samtakanna eru m.a. að efla hjólríðar á Íslandi sem heilsusamlegan lífsmáta og sem samgöngumáta. Öll stærstu hjólríðafélög landsins eiga aðild að LHM. Samtökin eru þó ekki aðeins málsvari félagsmanna hinna ýmsu hjólríðafélaga sem telja um 2000 manns heldur eru þau jafnframt málsvari alls hjólríðafólks á Íslandi. LHM er aðildarfélag að European Cyclists' Federation, sem eru heildarsamtök fyrir hjólríðafélög til samgangna og ferðalaga í Evrópu. Aðildarfélag ECF er að finna í flestöllum löndum Evrópu.

LHM leggja hér með fram athugasemdir sínar við frumvarpið en eru jafnframt tilbúin að mæta fyrir efnahags- og viðskiptanefnd og svara spurningum ef eftir því er leitað.

### Umsögn um frumvarpið.

Frumvarpið tekur núverandi ákvæði XIII. kafla umferðarlaga, innleiðir tilskipun EB 2009/103/EB auk þess sem það færir ákvæði sem nú eru í reglugerðum inn í lög.

Að áliti undirritaðs er réttarstaða hjólandi og gangandi vegfarenda góð samkvæmt ákvæðum núverandi umferðarlaga og batnar líklega samkvæmt þessu frumvarpi.

**LHM lýsa sig því sammála efni frumvarpsins og mæla með því að það verði samþykkt á Alþingi efnislega óbreytt.**

Fyrir hönd stjórnar Landssamtaka hjólríðamanna

---

Árni Davíðsson formaður